

# Reglugerð um val á íþróttamanni ársins í Rangárþingi ytra

## 1. grein

Íþróttá- og tómsbundanefnd gengst ár hvert fyrir fyrir útnefningu á íþróttamanni ársins í Rangárþingi ytra.

## 2. grein

Íþróttá- og tómsbundanefnd sér um undirbúning að vali íþróttamanns ársins.

Tilnefningar skulu koma frá öllum íþróttá- og ungmennafélögum í Rangárþingi ytra og einnig frá öðrum félögum innan vébanda ÍSÍ í sveitarfélaginu.

Íþróttá- og tómsbundanefnd mun auglýsa eftir tilnefningum frá íþróttá- og tómsbundanafélögum í sveitarfélaginu, en einnig skal almenningi gefin kostur á að tilnefna íþróttamann ársins.

Með tilnefningu skal fylgja greinargerð um árangur og rökstuðningur fyrir tilnefningu viðkomandi.

Skilyrði er að viðkomandi eigi lögheimili í Rangárþingi ytra og sé a.m.k. 16 ára á árinu. Gerð er krafa til þess að íþróttamaðurinn sé góð fyrirmynd innan vallar sem utan.

## 3. grein

Í janúar mánuði ár hvert er þeim einstaklingi, sem valin er íþróttamaður ársins í Rangárþingi ytra fyrir liðið ár, afhent viðurkenning í samræmi við reglugerð þessa.

Á viðurkenninguna skal ritað nafn hins útnefnda íþróttamanns, viðeigandi ártal og skal verðlaunagripurinn vera í vörslu hans það ár sem hann hefur verið valinn. Íþróttamanni ársins er jafnframt veitt viðurkenning til eignar.

## 4. grein

Faglegt mat á útnefningu og framkvæmd verðlaunaafhendingar skal vera í höndum íþróttá- og tómsbundanefndar.

## 5. grein

Viðurkenning skal einnig veitt fyrir landsliðssæti, Íslandsmeistara- og alþjóðlegan titil. Einnig skal veita þeim aðila sem hefur unnið framúrskarandi vel að íþróttá- og tómsbundamálum í sveitarfélaginu viðurkenningu.

## 6. grein

Afhending viðurkenninganna skal fara fram með þeirri viðhöfn sem sveitarstjón í samráði við íþróttá- og tómsbundanefnd ákveður hverju sinni.

## 7. grein

Reglugerð þessi tekur gildi við samþykkt sveitarstjórnar og skal hún endurskoðuð ár hvert.

Hella 22.febrúar 2009